

Sveitarfélagið Vogar  
Sigurður H. Valtýsson  
Iðndal 2  
190 Vogar

Reykjavík 6. nóvember 2020  
UST202011-002/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028 og deiliskipulagi Grænuborgar.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028 og deiliskipulagi Grænuborgar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að mögulegum íbúðum á svæðinu (ÍB-3-1) fjölgar um 400 og verður hverfið fullbyggt eftir breytingu með um 850-900 íbúðum.

**Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir á Vatnsleysuströnd og er númer 110 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt í skránni: Tjarnir á Vatnsleysuströnd, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhella, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. (2) Lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar getur fyrirhuguð íbúðarbyggð haft neikvæð áhrif á lífríki Mýrarhústjarnar (Búðatjörn) og það fjölbreytta fuglalíf sem er í tjörninni og við ströndina og þarf af leiðandi haft neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminjanna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan og fyrirhuguð íbúðarbyggð rýri ekki verndargildi náttúruminja á náttúruminjaskrá.


### Umhverfismat

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í gr. 5.4.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 þar sem segir að ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur